

# HLJÓM – 2

---

Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna

Leikskólinn Smáralundur, Ýr Jónsdóttir

# HLJÓM – 2

---

- Próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum.
- Er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund.
- Notað til að greina þau börn sem eru í áhættuhóp vegna lestrarörðuleika.
- Byggir á sjö mismunandi verkefnum/leikjum sem reyna á hljóðkerfis- og málvitund barna.

# Einstakir þættir HLJÓM – 2

## Rím

---

- Rannsóknir sýna að færni barns í að ríma á ungum aldri hefur fylgni við lestrartileinkun þess.
- Barnið á að ríma orð sem það heyrir við eina að þremur myndum sem því er sýnt.
- Verkefnið reynir á heyrnræna úrvinnslu

# Einstakir þættir HLJÓM – 2

## Samstöfur

---

- Samstöfur (atkvæði) orða eru fundin með því að klappa eftir ákveðnu hljómfalli.
- Þetta reynir á samhæfingu hjá barninu þar sem þau þurfa að klappa eftir hrynjanda orðsins.
- T.d. „flóðhestur“ er þá 3 klöpp/atkvæði.

# Einstakir þættir HLJÓM – 2

## Samsett orð

---

- Rannsóknir sýna að þessi þáttur hefur mikil tengst við lestrarfærni í 1 og 2 bekk þar sem hann reynir ekki bara á hljóðkerfisvitund heldur líka orðaforða, heyrnrænt minni, málfræðivitund og fleiri þætti.
- Börnin heyra tvö orð og eiga að setja það saman og búa til eitt orð. T.d. kerti og ljós verður kertaljós.

# Einstakir þættir HLJÓM – 2

## Hljóðgreining

---

- Þessi þáttur hefur sterkara fylgni við lestur enda er hæfni til hljóðgreiningar forsenda lestrarnáms.
- Þátturinn gefur vísbendingu um hvernig barni í fyrsta bekk gengur að tileinka sér hljóðfræðilega umskráningu, þ.e. tengingu hljóða við bókstafi.
- Barnið er beðið um að hlusta eftir hljóðum í orðum, t.d. „heyrist /m/ í mús“, „heyrist /s/ í mark“.

# Einstakir þættir HLJÓM – 2

## Margræð orð

---

- Metur færni barns í að átta sig á margbreytilega merkingar málsins.
- Færni á þessum þætti hefur nokkra fylgni við lestur á fyrstu stigum og reynir bæði á hljóðkerfis- og málvitund en einnig sjón- og heyrnræna úrvinnslu, ályktunarhæfni og rökvísi.
- Barn á að greina hvaða tvær myndir nota sama orðið þótt þær tákni mismunandi hluti.

# Einstakir þættir HLJÓM – 2

## Orðhlutaeyðing

---

- Þessi þáttur hefur góða fylgni við lestur í 2. bekk.
- Barnið á að segja hvaða orð verður eftir ef fyrri hluta samsetts orð er sleppt. Það þarf að átta sig á úr hvaða tveimur orðum orðið er búið til.
- „Hvaða orð verður eftir ef þú tekur *rúm* af *rúmteppi*“



# Einstakir þættir HLJÓM – 2

## Hljóðtenging

---

- Þessi þáttur hefur nokkra fylgni við lestur í 1. og 2. bekk. Hann reynir á hljóðkerfisvitund barnsins og hljóðvitund.
- Í þættinum Hljóðgreining fæst barnið við sundurgreiningu máhljóða. Það tengir tvö til þrjú máhljóð heyrnrænt saman í orð. Hljóðin eru slitin í sundur og haft smáhik á milli þeirra.
- „Hvaða orð er þetta /ú/ - /r/?“

# Úrvinnsla

---

- Þegar búið er að leggja fyrir HLJÓM-2 eru stigin talin og flett upp í töflum um viðmið fyrir færni jafnaldra á þáttum HLJÓM-2.
- Töflunar sýna hvaða árangri barnið nær á einstökum þáttum miðað við jafnaldra.
- Börn með mjög slaka færni eru 10% af hópnum, börn með slaka færni eru 15% af hópnum. Um 50% barna eru með meðalfærni og 25% með mjög góða færni.